

**203. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
2. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Flosi Einarsson varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Elsa Lára Arnardóttir varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2111203 - Klifurfélag ÍA - aðstöðumál

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA fylgja málinu eftir.

Stefna skóla- og frístundaráðs er að starfsemi íþróttafélaga fari fram í húsnæði í eigu Akraneskaupstaðar og felur sviðstjóra og forstöðumanni íþróttamannvirkja frekari útfærslu á því í samstarfi við Klifurfélagið.

Daníel og Guðmunda víkja af fundi.

2. 2210187 - Bókasafn og Tónlistarskóli - loftgæði

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna kynna nýlega úttekt á húsnæði Tónlistarskólans og Bókasafnsins.

Jónína Arnardóttir skólastjóri Tónlistarskólans og Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður sitja einnig fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

Alfreð, Ásbjörn, Jónína og Halldóra víkja af fundi.

3. 1906107 - Forvarnarmál Akraneskaupstaðar

Fast fjármagn til forvarnarmála. Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála fylgir málinu eftir.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir umfjöllun um forvarnarmál. Sviðsstjóra falið að finna málinu farveg með deildarstjóra fjármála.

Heiðrún víkur af fundi.

4. 2208012 - Búnaðarkaup fyrir unglíngastig grunnskólanna

Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri Verkefnastofu kynnir framvindu verkefnis.

Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15

JMS

Jonina Margrét Sigmundsdóttir

Kinnar Brandsson

Þóri Þór Skarftad

Dagný Hauksdóttir

246